



HÚSNÆÐISSAFN

Almenni hefur stofnað nýja ávöxtunarleið, Húsnæðissafn, sem bætist við þær sex fjölbreyttu leiðir sem fyrir eru. Húsnæðissafn hentar sjóðfélögum sem vilja nýta séreignarsparnað til að safna fyrir útborgun í fyrstu fasteign eða greiða inn á lán. Safnið er opið öllum sjóðfélögum. Hægt er að hefja séreignarsparnað á einfaldan hátt með rafrænum skilríkjum á www.almenni.is



ÁR STERKRAR KRÓNU

Á árinu 2016 var ágæt ávöxtun í söfnum Almenna lífeyrissjóðsins nema í söfnum sem eru með hátt hlutfall erlendra verðbréfa. Erlendar eignir hækkuðu í heimamynt en vegna styrkingar krónunnar lækkuðu þær í krónum.

Nánari upplýsingar um ávöxtun er að finna á www.almenni.is

TVÖFALDUR SIGUR

Almenni var á árinu valinn besti lífeyrissjóður í Evrópu á almennum markaði af fagtímaritinu IPE. Annað árið í röð var sjóðurinn einnig valinn besti lífeyrissjóður í Evrópu meðal þjóða með færri en milljón íbúa af sama tímariti. Í umsögn dómnefndar segir að framúrskarandi ráðgjöf, upplýsingamiðlun og ekki síst sjóðfélagavefur Almenna hafi ráðið valinu.

Sjóðurinn lítur á verðlaunin sem heiður og hvatningu til að gera enn betur.



BERÐU LAUNASEÐLA SAMAN VIÐ YFIRLIT

Almenni lífeyrissjóðurinn sendir sjóðfélögum nú yfirlit sem sýnir hreyfingar frá 1. júlí til 31. desember 2016 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Það er góð regla að bera saman launaseðla og yfirlit til að athuga

hvort iðgjaldagreiðslur á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyrissjóðsins. Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510-2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is. Athugið að ekki er óeðlilegt að iðgjöld fyrir desember séu greidd í lok janúar.

2.780 HAFA AFÞAKKAÐ PAPPÍR

Sjóðfélagar Almenna brugðust vel við þegar þeir voru hvattir til að afþakka yfirlit í pósti. Hátt í þrjú þúsund sjóðfélagar hafa afþakkað pappír en á nýliðnu ári stóð sjóðurinn fyrir sérstöku átaksverkefni til að draga úr pappírnotkun.

Alltaf er hægt að nálgast yfirlit á sjóðfélagavef Almenna og auk þess uppfærða stöðu á hverjum tíma. Á opnum vef sjóðsins er einnig hægt að fylgjast með ávöxtun og fræðast um það sem hæst ber hverju sinni í lífeyrismálum. Því er full ástæða til að halda áfram að spara pappír með því að afþakka yfirlit. Hægt er að afþakka pappír á sjóðfélagavef Almenna í gegnum www.almenni.is.



FRÆÐSLUFUNDIR, ÁRSFUNDUR

Á næstunni stendur Almenni fyrir eftirfarandi fundum:

Að nálgast eftirlaun

Borgartúni 25, fimmtudaginn 23. febrúar kl. 8:30

Ársfundur Almenna

Hótel Natura, fimmtudaginn 23. mars kl. 17:15

Ungar konur og lífeyrismál (apríl/maí)

Nánar auglýst á heimasíðu sjóðsins

Fræðslufundirnir verða auglýstir nánar á heimasíðu sjóðsins og með fundarboði til þeirra sem eru á póstlista.



TIL ÞJÓNUSTU REIÐUBÚIN

Sjóðfélagar geta nýtt sér þjónustu sjóðsins á ýmsan hátt.

Skrifstofa sjóðsins, Borgartúni 25, Reykjavík, er opin virka daga frá kl. 9-16 og geta sjóðfélagar komið og hitt ráðgjafa sjóðsins, hringt í síma 510-2500 eða sent tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is.

Stöðufundir eru metnaðarfull þjónusta sem er í boði fyrir sjóðfélaga Almenna. Fundirnir eru einkafundir með ráðgjafa þar sem sjóðfélagar fá heildarmynd af stöðu lífeyrismála sinna. Stöðufundi þarf að panta fyrirfram.

Hægt er að panta viðtöl, senda fyrirspurnir og finna fræðslugreinar, fréttir og gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál á heimasíðu okkar www.almenni.is

